

Úfgeislar

Tímarit um lífssambönd við aðrar stjörnur

20. tbl. Des. 1978

Tilgangur lífsins er að þroskast svo, að það geti sjálft á sífellt full-komnari hátt orðið skapandi.

Helgi Pjeturss

Geimpokur

(Sjá forsíðumynd)

Á alla vegu í geimnum blasir við augum ótolulegur fjöldi bjartra stjarna. — Í sjónaukum má þar einnig víða sjá geimpokur miklar, innan vetrarbrautarinnar. Eru þær ýmist dökkar eða lýsandi, og skyggja að meira eða minna leyti á þau geimsvæði er liggja fjær.

Ljómpokur liggja í grend við bjartar stjörnur. Nálægt heitstu stjörnunum er að finna björtstu geimpokurnar. Pessi efnisský ná víða um geimsvæði svo stór að mörgum ljósárum nemur í þvermál.

Sumar geimpokur eru dimmar, og svo þéttar, að þær skyggja alveg á stjörnur sem á bak við þær eru. Sem dæmi má nefna svæði milli stjörnumerkjanna Svansins og Sporðrekans, en þar er löng röð dimmra efnisskýja, sem skiptir vetrarbrautinni frá okkur að sjá í tvær samhlíða ræmur. Þá má og nefna hið ákaflega sérkennilega geimský, sem kallað er Hesthausinn í stjörnumerkinu Orion, en það er mjög dimmt ský, sem að últi minnr á haus á hesti, frá okkur að sjá, og skyggir algjörlega á geimsvæði er á bak við það liggur. Á suðurhimni er dimmt geimský, sem kallað er Kola-pokinn í stjörnumerki því, er kallast Suðurkrossinn.

Ljómpokur eru sumar mjög fagrar og sérkennilegar. Er þar fyrst að nefna Orionþokuna í samnefndu stjörnumerki, en hún er í 1500 ljósára fjarlægð og að þvermáli um 20 ljósár.

Önnur ljómpoka, fögur mjög, er í stjörnumerkinu Bogmaðurinn. Skiptist hún í þrjá meginhluta af dimmum skýjum, sum skyggja á hluta hennar og hefur hún hlotið nafnið Trífidþokan.

Enn er ein mikil ljómpoka (í stjörnumerkinu Svanurinn) sem kölluð er Ameríkuþokan, vegna þess að lögun hennar minnir svo mjög á Norður-Ameríku.

Talið er, að í geimpokum fari fram nýsköpun stjarna. Hið mikla efnismagn þeirra dregst saman, svo að af verða sólir og jarðstjörnur, sem síðar verða heimkynni lífs.

Við menn þyrftum að vita meira um þá sísköpun efnis og stjarna, sem víða mun fara fram í djúpum geimsins, og um það líf, sem hlýtur að þróast í ýmsum sólhverfum. Því vitneskja um lengra komnar lífverur annarra stjarna og nánara samband við þær, hlýtur að vera eitt af því, sem mannkyni okkar er hin mesta nauðsyn á.

Ingvar Agnarsson.

Myndin á forsíðu er af Trifidþokunni, sem minnst er á hér að ofan.

Erindi og greinar

HIN PRÍPÆTTA RÓT NÝALSSTEFNUNNAR

Oft hef ég verið að furða mig á því mikla misræmi, sem verið hefur milli þeirra stórkostlegu möguleika, svo að segja í allar áttir, sem kenning Nýals gefur kost á annarsvegar, og hinsvegar þess nær algera skorts á fylgi og stuðningi, sem orðið hefur hlutskipti hennar. Hvað hið síðarnefnda áhrærir, þá er að vísu ekki allt sem sýnist, því að áhrif Nýals hafa þrátt fyrir allt verið meiri en margan grunaði, — í kyrrð og þögn, meðal strjálla einstaklinga, sem trúðu betur eigin athugun, skoðun og skilningi en straumum yfirborðsins. Sífellt er ég að fréttu af nýjum og nýjum einstaklingum, konum og körlum, í ýmsum sveitum og bæjum á Íslandi, í Kanada og víðar, sem tileinkað hafa sér þennan skilning og talað fyrir honum, lengur eða skemur, sumir allt að sextú árum. En þrátt fyrir þetta fylgi, og annað, sem stefnt hefur í þessa átt, verður því ekki neitað, að allt of erfitt hefur þessari kenningu verið gert fyrir, til þess að möguleikar hennar til skapandi framvindu næðu að koma í ljós. Það væri því mikill ávinnungur, ef takast mætti að rekja ástæður til þess, að ekki hefur meira áunnizt en raun ber vitni, þannig að verða mætti aflgjafi til nýrrar sóknar. Slíkar ástæður tel ég mig hafa komið auga á, eða verið að taka eftir um árabil, þannig að þær hafa smám saman skýrzt fyrir mér, og vil ég nú leitast við að gera grein fyrir því, sem mér hefur sýnzt í þessu efni.

Ég greini erindi Nýals sundur í þrjá höfuðþætti, og eru þeir þessir:

1. Nýall er vísindaleg þekking.

Hann er nýjar uppgötvunarí vísindalegs eðlis, sem gerðar voru af höfundi Nýals sjálfum, eða þá af öðrum í framhaldi af verki hans og í þriðja lagi honum óháðar vísindauppgötvunarí og -kennningar, sem komið hafa fram erlendis og ganga þó í sömu átt eða leiða til líkrar niðurstöðu. Það voru til dæmis nýalskar uppgötv-

anir, þegar geimfræðingar fundu, að jarðstjarnan Mars er víða með ævafornum, löngum sprungum („sundurriðinn af gínandi gjám“) og þó ennþá fremur, þegar draumfræðingar uppgötvuðu að tímalengd draumsins er yfirleitt jafnlöng því, sem atburðir hans svara til. Og það er umfram allt nýölsk stefna í vísindum, að farið er nú að viðurkenna raunveruleik fyrirbæra, sem um tíma voru rengd mjög. En svo athyglisverður, sem Nýall er á allan hátt fyrir mann með heiðarlega vísindalega afstöðu, vegna þess hve hann var langt á undan öðrum með margt, þá nægir ekki að líta á hann frá því sjónarmiði eingöngu. Í heildarsýn Nýals ber fyrir annað og meira en sérstök og einangruð þekkingaratriði, — því að:

2. Nýall er lífsskoðun.

Nýall færir rök fyrir því, að líf sé eftir dauðann, hvers eðlis lífið sé eftir dauðann, að líf sé á ótal hnöttum, og að samband sé milli lífsins í alheimi. Nýall skýrir uppruna trúarbragðanna og gerir grein fyrir hugmyndunum um guð og þörf mannsins á sambandi við guð, á þann hátt sem aldrei varð fyrr. Menn sjá fram á það, að lífernir þeirra og hugsanir hljóta að hafa afleiðingar fyrir þá sjálfa, þegar að framhaldinu kemur. Engin ástæða er til að neita skyldleika þessa við það, sem kennt er í trúarbrögðum um slíka hluti, en munurinn er sa, að í Nýal er talað af þekkingu samkvæmt áður sögðu. Af þessu leiðir að Nýalssinninn verður ekki aðeins maður, sem heldur fram tilteknum atriðum, til sann-prófunar og könnunar, heldur einnig maður með ákveðna lífsskoðun, sem hann þarf því síður að víkja frá, sem rök hans eru sterkari.

3. Nýall er tilraun til stórfelldrar breytingar.

Pó svo að viðurkennt væri hvort tveggja, að aðalniðurstöður Nýals séu sannar vísindalega, og eins hitt að lífsskoðun hans sé heilbrigð og framfaravænleg, mundu þeir margir vera, sem létu sér fátt um finnast, og teldu sér enga þörf á að fara að þeim ráðum, sem þarna er bent á. Væru nú slíkir menn í meirihluta, og þó öllu heldur ef aðstaða þeirra væri slík, að þeir næðu að móta hugsun fjöldans, þá væri hér vissulega komin skýring á því, að stefnu Nýals hefur enn ekki framgengt orðið. Þess vegna er Nýall ekki aðeins þekking á sérstökum náttúrufræðilegum atriðum og samfelld lífsskoðun reist á slíkri þekkingu, heldur einnig *tilraun til breytingar*, og hún á stórkostlegasta lagi.

Tilraunin.

Ekki fer það á milli mála, hvert höfundur Nýals stefndi með tilraun sinni, né hvernig hann ætlaði sér að framkvæma hana. Hann vildi koma jörðinni í hið mikla alheimsfélag stjarna á framfaraleið, og hann ætlaði gotneska kynstofninum að hafa forystu fyrir þessu verki, vitanlega einnig til heilla öllum jarðarbúum öðrum, og með samstarfi við þá. Allur einstrengingsháttur var honum í slíkum efnunum fjarri, og hann kunni vel að meta góðar undirtektir, hvaðan sem þær komu. Þannig bentí hann eitt sinn á, — eftir að fréttz hafði, að rit Adams Rutherfords um Ísland hefði selzt í bezta lagi austur í Burma, — að Búddhatrúarmenn væru „skyggarni“ en flestir aðrir, og þannig hefðu þeir fundið á sér, að rit Rutherfords væri gott, þó að þeir vissu fæstir neitt um Ísland. En svo fjarri fer því, að stefnu Nýals hafi í þessum efnunum orðið framgengt, að segja má að fullkomið drep og upplausn sé nú komið í Norðurlandaþjóðirnar, og raunar í allar hvítar þjóðir meira og minna, enda hefur þeim verið kennt að fyrirlíta sjálfa sig og uppruna sinn, og þó sérstaklega framtíð sína. Fátt hefur þótt viðsjárverðara en einmitt það að vilja vel framtíð síns eigin kynstofns og þjóðernis — ef um hvíta menn er að ræða. Allri áróðurstækni er linnulaust beitt til þess að ala á þessum hugsunarhætti. Athyglisvert er það, að í Sovétríkjunum, þar sem margir hafa ímyndað sér að væri höfuðvigi hvítramannahatursins, eru augu manna farin að opnast fyrir því hvert stefnir. Misvægið milli líttillar mannfjölgunar Rússa og annarra Evrópuþjóða veldisins og offjölgunar Asíuþjóða innan sama ríkis, veldur nú mörgum mönnum áhyggjum þar um slóðir

En þrátt fyrir þetta, sem nú var rakið, og margt annað, sem til eyðingar lífsins stefnir, eru nú engu að síður að opnast tækifæri til hinnar miklu stefnubreytingar, sem ekki hafa verið til áður. En þau geta ekki orðið að veruleika, nema menn átti sig á þýðingu kynstofnsins og hætti að vera hræddir að kannast við sjálfa sig sem hvíta menn og gotneska. (Gotneskan nefndi ég stofninn vegna þess að það orð er áhrifameira en önnur, og bendir til æðri fullkommunar. Af Eddu má ráða, að Gotar voru til á sambandshnerti fornmannna). Menn verða að læra að halda í horfið í þessu efní sem öðrum og sporna við rangstefnu. Það er engum til góða að láta troða á sér endalaust eins og gert hefur verið. Menn verða að gæta ábyrgðar sinnar, einnig gagnvart öðrum kynstofnum, með því að láta ekki eyðileggja það sem mest er um vert. Grein þá

á meiði mannkynsins sem „öflugast átti að sækja í sig geislaþróttinn frá upptökum lífsins“ (Nýall s. 209), má ekki kala, heldur gegna þessu hlutverki og enn eru þau efni fyrir hendi, að þetta er hægt. Í draumum mínum hef ég séð til hnatta þar sem í svipað óefni er komið og hér í þessum efnum og öðrum. Svo furðulegt sem það er, verðum við að sækja sigursæld okkar til slíkra staða. Pegar þeir, sem helzt halda í horfið þar verða þess áskynja, fyrir sambond, að rödd eins og þessi heyrist nú á stjörnunni Jörð, mun þeim vaxa kraftur og þor, og þeir munu smámsaman fara að hreyfa slíkum orðum. En þegar einmitt þetta atriði fer að komast til skila, milli hina illa stöddu frumlífshnatta, verður engin sú fyrirstaða til í víðum heimi, sem megni að stöðva framsóknina. Pegar hin gotnesku lífaflosvæði taka að þróast, í réttu ljósi vísindanna og með afli mannúðarinnar, eru sköpuð þau viðtökuskilyrði í yzta hring sköpunarverksins, sem úrslitum munu valda.

Þorsteinn Guðjónsson.

M Y R —

Úr „Spámanninum“ eftir Kahlil Gilran

Fæddur í Libanon 1883, d. 1931, skáld á arabisku. Ritaði Spámanninn á ensku (var í 20 ár í USA). Birtist fyrst 1923, þýdd á meir en 20 mál.

Sorgin er gríma gleðinnar.

Pú vegur salt milli gleði og sorgar.

Þjánigin er fæðingarhrið skilningsins.

Hugarsýn eins manns ljær öðrum ekki vængi sína.

Vinur þinn er þér allt.

Gefðu vini þínnum það, sem þú átt best.

Dagurinn í gær er aðeins minning dagsins í dag og morgundagurinn draumur hans.

Láttu daginn í dag geyma minningu hins liðna og draum hins ókomna.

Líkaminn er harpa sálarinnar.

ER VON TIL AÐ ÚR RÆTIST?

Eftirtektarvert þótti mér það, sem ég í Lesbók Mbl. frá 31. sl. sá haft eftir Óskari Aðalsteini vitaverði og rithöfundi, að hjá þessum hulduverum, sem hann hyggur vera nábúa sína, en mér skilst að vera muni íbúar annars hnattar, hafi hann heyrt fara fram samtöl um ástandið hér á jörðu. En eftirtektarvert þykir mér það mest af því, að mér finnst einmitt svo líklegt, að slíkar umræður eigi sér nú stað meðal sumra þeirra, sem að viti og góðleik eru lengra komnir en jarðarbúar, en eitthvert lengra komið fólk skilst mér, að þessar sambandsverur Óskars muni vera. Og að svona umræður eigi sér stað meðal þeirra einmitt nú, kynni að stafa ekki einungis af því, hve illa hér horfir í mörgum greinum. Ástæðan til þeirra gæti einnig og engu síður verið sú, að þeir sjái nú meir en oft áður von til, að úr fari hér að rætast. Þykir mér sem slíka von mætti ekki sízt byggja á þeim áhuga, sem víðsvegar um jörð virðist nú vera að vakna varðandi fyrirbæri og annað slíkt, sem til skamms tíma hefir af hinu ríkjandi menntavaldi naumast þátt rannsóknarvert. Er ekki of sagt, að til skamms tíma hafi meðal sálfræðinga ekkert þótt fráleitara en það, að ætla miðilfyrirbrigði stafa frá látnu fólki, þótt slíkt liggi þar jafnan beinast við og sé í rauninni óhjákvæmilegt stundum. En þó að aukinn áhugi fræðimanna í þessu efni sé mikilsverður, þá er það eitt ekki nóg. Vonin um að úr rætist mun hjá hinum lengra komnu vera bundin því, að einnig á sviði lífaflfræðinnar verði vaxið upp úr dulrænunni, en það mundi bráðlega verða, ef takast færí nú út í löndum að vekja athygli einhverra áhrifamanna á íslenzkri heimspeki. Þykir mér hér ekki ástæðulaust að minna á bók Þorsteins Guðjónssonar, Astrobiology, sem hann samdi í þessum tilgangi, og væri frá rangstefnu horfið með því, að menn reyndust nú varðandi útbreiðslu hennar ekki óhollir í hugum.

Í góðu samræmi við fjarskynjana- eða sambandshæfileika Óskars er það, sem haft var eftir honum á þá leið, að hann sé löngum utan við sig eða nær draumi en vöku, því að í rauninni er fjarskynjun aldrei annað en dreymi. Sofandi og dreymandi er maður ævinlega í sambandsástandi, en hversu fjarskynjan hins hálfvak-

andi manns tengist og er háð umhverfi hans, kemur mjög greinilega fram í því, sem haft var eftir honum varðandi hringdansa huldufólkssins, sem hann, þegar rökkva fer, þykist sjá á hverasvæði austan við vitann. „En nú er enn of bjart til að sjá þetta,“ segir hann um leið og hann lítur þangað austur, stendur í blaðinu, ásamt mynd af hverasvæðinu, og minnti þetta mig á það, sem Einar H. Kvaran hefir einhversstaðar eftir Indriða Indriðasyni miðli stuttu fyrir dauða hans. Sérð þú enn hina framliðnu vini þína, spurði Einar eða eitthvað á þá leið, og svar Indriða var, að hann sæi þá jafnan, þegar rökkva tæki. Meðan skynjun hans á umhverfi sitt var nokkurnveginn skýr, hindraði það sambandsskynjun hans eða fjarsæi, og virðist mér, að svo muni einnig hafa verið um Óskar. Pað sem á hverasvæðinu bar fyrir hann í fullri birtu, var of ljóst og greinilegt til þess, að fjarskynjunin yrði hjá honum ráðandi. Pað hélt fyrir honum vöku eða hindraði hann frá því að verða nægjanlega utan við sig til þess að fara að sjá annað.

En þegar hinar óstöðugu þokumyndir hverasvæðisins verða hæfilega ógreinilegar, fer hann að sjá huldufólkid og hringdansa þess. Verður þá það, sem hann raunverulega sér, að nokkurskonar undirleik sambandsskynjananna og magnar þær jafnvel fram og er ástæða til að ætla, að svo sé jafnvel ævinlega, þegar um vöku-fjarskyggni er að ræða. Eitthvert ástæði milli umhverfis sjáandans og hins fjarséða, gæti ég trúat að þurfi ævinlega að vera til staðar, svo að fjarskynjun takist. Og hvort er það nú ekki örlítið spor í þá átt, að úr megi fara að rætast í þessum efnum, að gera sér ljóst það sem hér var vikið á? Þótt fáum virðist vera það ljóst, þá er það framar öllu undir réttum skilningi komið á einmitt þessum efnum, að úr flækjum og vandræðum jarðlífssins fari loks að greiðast. Undir því, að menn fari að vita af sambandi sínu við lifendur á öðrum stjörnum og að þeim lærist að skilja eitt og annað varðandi það samband, er sigur jarðlífssins framar öllu öðru kominn.

Þorsteinn Jónsson á Úlfssstöðum.

SAMTALSPÁTTUR UM STJARNLÍFIÐ

S.: *Hvaða tilgangi þjónar Nýalskenningin?*

P.: Að yfirvinna helstefnuna og beina mannkyninu í lífstefnuátt.

S.: *Hvernig má það vera, að Nýalsstefna geti leyst slikan vanda?*

P.: Það eru tvö öfl, sem berjast um völdin, helstefnan, leið til vísits, og lífstefnan, sem er vegurinn til ljóssins og þekkingarinnar. Það hefur komið í ljós, eins og flestir vita, að trúin hefur ekki staðið sig sem skyldi gegn helstefnunni, vegna þess að eðli mannsins er að vilja auka þekkingu sína, en ekki að trúá í blindni. Eini rétti farvegurinn er, að leita á náðir viskunnar, en á viskuleit byggist kenning dr. Helga Pjeturss og er hún undirstaða áfram-haldandi rannsókna.

S.: *Hvernig í ósköpunum er mögulegt að halda þvíliku fram og ætla sér síðan að standa á slíku? Parna er greinilega um óskhyggju að ræða.*

P.: Það er vitað að dró Helgi Pjeturss. var merkur jarðfræðingur og viðurkenndur sem sérstaklega glöggur vísindamaður. Hverníg getur þá nokkur maður, með góðri samvisku, haldið því fram að þessi kenning hans sé röng, án þess að hafa kynnt sér hana til hlítar.

S.: *Með hvaða hætti er best að fræðast um þessi mál efni?*

P.: Að lesa Nýalana eftir dr. H. P. sem eru sex bindi, Nýall, Ennýall, Framnýall, Viðnýall, Sannýall og Pónýall, ásamt tímaritinu „Lífgeislar“ og öðrum bókum sem Félag Nýalssinna hefur gefið út. Einnig get ég gefið þér takmarkaðar upplýsingar um þessa kenningu, ef þú vilt.

S.: *Hvaða afstöðu takið þið til annarra trúarflokka?*

P.: Fyrst vil ég afdráttarlaust fyrirbyggja þann misskilning, að Félag Nýalssinna sé trúarfélag, heldur er það þvert á móti. Kenning þessi er uppyggð á vísindalegum grunni. Það skiptir því engu máli hvaða trúarbrögðum maðurinn tilheyrir. Kenning þessi er ekki að rífa niður trúarbrögðin sem slík, heldur að víkka út sjóndeildarhring þess sem í hlut á, svo að vitneskja komi í stað þess að trúá í blindni.

S.: *Hvernig getið þið verið svona vissir um að kennin sé rétt?*

P. Fyrst er að vita hvað draumur er. Er draumurinn sambands-skynjun eða er hann eitthvað sem hugurinn býr til? Pessari spurningu getur hver einstaklingur svarað, ef hann veit, hvernig fara skal að. Þegar rannsaka á eitthvað, verður athugarinn skilyrðislaust að vera sannsögull við sjálfan sig (það er sagt að vísindastéttin sé sannsöglasta stétt hér á jörðu), þar sem niðurstaðan getur kollvarpað fyrri sannfæringu hans. Með þetta að leiðarljósi, hefjumst við handa og athugum, hvort hugurinn geti framleitt fullkomna mynd. Þú byrjar á því að framkvæma einhverja hreyfingu, sest síðan niður og hugsar þér að þú sért að gera þessa sömu hreyfingu. Þá finnurðu, að þú hefur ekki þessa glöggju tilfinningu, að þú sért að framkvæma þessa hreyfingu, þegar þú hugsar þér það, heldur aðeins mismunandi glöggja endurminningu um það. Það bendir til, að heilinn hafi ekki hæfileika til að framkalla í huganum fullkomna mynd og tilfinningu fyrir hugsaðri hreyfingu eins og þú værir að framkvæma hana. En þegar þig dreymir, að þú sért að ganga, þá finnurðu að þú ert að ganga. Allar tilfinningar þínar segja þér að fætur og hendur hreyfast við hvert skref, sem þú stígur. Þú finnur þetta sérstaklega greinilega ef um martröð er að ræða. Með þessu færðu staðfestingu á því að í draumi virkar sofandinn sem gerandi (eins og hann sé að framkvæma eitthvað í veruleikanum) eða áhorfandi, allt eftir því hvernig draumurinn er. Það segir þér tvímaðlalaust, að það að ganga í draumi, er eins og að ganga í vökulífi.

S.: Úr því að draumamaðurinn er gerandinn, þá er augljóst að þarna er um sálfarir að ræða.

P.: Ég sagði, að sofandinn virkaði sem gerandi, en ekki að hann væri það. En við skulum athuga þetta frá þeirri hlið og vita hvort þetta skýrist eitthvað nánar. Ég ætla að segja frá draumi, sem kunningja minn dreymdi. Hann segir svo frá: „Ég sofnaði heima hjá mér í hádeginu, en konan míni hafði skroppið eitthvað frá. Mig dreymdi, að ég væri að ræða við konu mína um að kaupa hjól til að fara í vinnuna á, en þegar við höfðum rætt þessi mál fram og aftur þá segir hún allt í einu hlæjandi við mig: „Heyrðu, við skulum heldur kaupa mótorhjól“ og sló í borðið með hendinni um leið. Við þetta vaknaði ég. En skömmu seinna kom konan míni heim frá vinkonu sinni (ég kalla hana A. innsk. PA). Þegar hún kom þá sagði ég henni drauminn. Þá varð henni að orði og sagði: „en einkennilegt, því ég og A vorum einmitt að ræða þessi mál saman, heima hjá A eins og þig dreymdi“.

Pessi draumur segir greinilega að kunningi minn lifði í draumi það, sem þær höfðu upplifað í vöku og þessi draumur er einn af mörgum, sem ég veit um, er sýna ótvírátt að draumamaður upplifir í draumi það sem annar lifir í vöku. Ef þetta væri þannig eins og þú minntist á, að um sálfarir væri að ræða, þá hefði sálin verið þriðja persónan og séð tvær konur vera að ræða saman. En svo ar ekki, heldur fannst dreymandanum hann vera að tala við konu sína. Það var eins og hann hefði samsálast A. Hann virkaði sem gerandinn í draumnum en ekki áhorfandi, sem hann annars hefði orðið að vera, ef um sálfarir hefði verið að ræða. Svarið er því annað.

S.: Er þetta ekki eitt af því sem við eignum aldrei að fá að vita?

P.: Petta er vanþekking, sem ég vil svara á þessa leið: „Heimurinn er skapaður fyrir manninn, honum er ætlað að vitkast og þroskast svo ekkert verði honum hulið. Aðeins á þann hátt getur mannkynið lifað í friði, að vitneskjan segi honum að ófriður, afbrot og glæpahneigð er vanþroski. Því segi ég þann mann vanþroskaðan, sem ætlar það að takmörk séu fyrir því hvað maðurinn eigi að vita.“ En ef þú vilt athuga þetta nánar verðum við einnig að fylgjast með því, að hverju vísindamenn hafa komist í þessum málum í dag. Peir vita að hugsanaflutningur er í fullu samræmi við eðli náttúrunnar. Þar að auki álita sumir þeirra líklegt að tilfinningaflutningur eigi sér stað, samanber eineggja tvíbura, þegar annar tekur þátt í veikindum hins, þó aðeins annar þeirra sé raunverulega veikur. Eins og þeir aðrir sem slíkt samband hafa fengið og er oft á tíðum kallað móðursýki. Einnig hafa tékkneskir vísindamenn í Prag fundið ögn, sem þeir nefna „mention“ sem fer hraðar en ljósíð og hefur þá eiginleika að geta farið í gegnum hvaða efni sem er, líkt og engin fyrirstaða væri til. Professor Frantisek Kahuda telur að þessi ögn, geti verið undirstaða þessara fyrirbæra, sem hefur verið kölluð sálraen fyrirbæri. Amerískur vísindamenn telja líklegt, eftir ítrekaðar tilraunir, að sofandi mann geti dreymt það sem annar maður hugsar. Samkvæmt tilraunum reyndist það vera of oft sem það skeði til að geta verið tilvilkjun. Er þá ekki eins líklegt, að sjónflutningur geti átt sér stað? Við höfum mörg dæmi um skyggna menn, sem sjá eða lifa upp atburði í órafjarlægð frá þeim stað, sem þeir sjálfir eru staddir á, og lýsa honum eins og þeir væru þar nærstaddir. Oft þegar þeir sjá þessar sýnir, þá er sam hvort augun eru opin eða lokað. Það er engu líkara en þeir séu í draumaheimi, sem kalla

má vöku-drauma. Við samanburð má sjá hvað líkt er með vöku-draum og venjulegum draum. Pessar sýnir og venjulegir draumar gefa tilefni til að álykta að mögulegt sé að sjá með augum annars manns. Ef þessi tilgáta er rétt, þá á sá maður, sem dreymir, að hann sé að horfa í spegil, ekki að sjá sitt andlit heldur annað andlit, andlit draumgjafans. Nú vill svo skemmtilega til að mig hefur dreymt að ég sé að horfa í spegil. Draumurinn er á þessa leið: Ég var að ganga inn á salerni þar sem stór spegill var. Pegar ég leit í spegilinn, var ég að furða mig á því hvað ég var ljóshærður og búlduleitur (Ég er dökkhærður og grannleitur). Síðan segi ég við sjálfan mig: „Er ég virkilega svona útlítandi?“ Við þetta vaknaði ég.

Pessi draumur segir tvímælalaust, að ég sá ekki mitt andlit heldur andlit annars manns, andlit draumgjafans, ég upplifði það sem hann var að upplifa á þessu augsnabliki.

S.: *Pað er vel hugsanlegt að þetta sé svona að einhverju leyti. En mér finnst ekki allt falla vel inn í myndina. Eins og til dæmis draumar þegar maður fer úr einum stað í annan á örstuttum tíma.*

P.: Parna gæti verið um draumgjafaskipti að ræða, að sambandið slitni við fyrri draumgjafann og þú færð samband við annan draumgjafa. Einnig getur verið um að ræða missýnisdraum, þannig að þegar þú hefur tök á að athuga aðstæður betur með augum draumgjafans þá sérðu að þetta er annað landsvæði en það sem þér fannst vera í fyrstu og að öllum líkindum það sem þú taldir þig þekkja. Pegar dreymandinn vaknar þá telur hann að landsvæðið hafi breytt um svip. Mig hefur dreymt draum þar sem bæði áttu sér stað missýningar (rangþýðingar) og draumgjafaskipti. Mig dreymdi, að ég væri í bifreið ásamt tveimur karlmönnum öðrum (minnist ég ekki að hafa séð andlit þeirra greinilega í draumnum), en það var bjart af degi og snjór yfir öllu. Mér fannst við aka sem leið lá inn á Ráðhústorg á Akureyri, síðan inn Hafnarstræti. Þá veitti ég því athygli, að umferðin inn þá götu var stöðvuð. „Það hefur orðið umferðarslys“, segir einn af þeim sem voru í bifreiðinni. Síðan ökum við fram með bifreiðunum og fannst mér þá við vera í sjúkrabifreið. Við stönsuðum á slysstað. Við þessa götu var húsaröð beggja megin. En skammt frá slysstað endaði húsaröðin öðrumegin við götuna og myndaðist stórt, opið svæði og síðan byrjaði húsaröðin aftur. Parna á þessu opna svæði var verið að bera slasaðan mann í burtu og lá hann á börum. Á þessum börum sat lítil stúlka ofan á brjóstkassa slasaða mannsins,

og grét hún lítilsháttar. Datt mér þá helst í hug, að þessi stúlka væri dóttir slasaða mannsins. Ég sá að hann talaði við hana, sjálf-sagt til að hughreysta hana. En skammt þarna frá var blóðidrifið svæði í snjónum og blóðrák þar frá, eins og einhver hefði verið borinn burt og misst mikið blóð. Þá heyrði ég sagt fyrir utan bílinn að konan hefði dáið. Síðan héldum við áfram, og vorum allt í einu komnir niður á höfn. Þá var bifreið af Dodge Vipon gerð, að mér fannst, sem ók framhjá okkur á mikilli ferð. Þá fyrst gerði ég mér grein fyrir að það var mikil hálka úti, því Viponinn rann skyndilega áfram og til hliðanna. Ökumaður hafði greinilega hemlað, fannst mér það vera af leikaraskap, til að geta snúið bifreiðinni á þann hátt. En við það að ökumaður hemlaði, þá rann bifreiðin út á bryggjukantinn, sem var úr tré, og hrapaði bifreiðin þá fram af með ökumanninn. En á því augnabliki, sem hún var komin fram af, þá var ég allt í einu kominn inn í þessa bifreið og sá út um gluggann, grjóthnullunga og sjávarkambinn langt fyrir neðan. En það var ekki nema augnablik, sem ég var í bifreiðinni sem var að hrapa, því skyndilega sá ég úr fyrrgreindri bifreið að framendi bifreiðarinnar félld niður. Fallið hefur verið nálgt 10—20 m. En síðan sá ég bifreiðina svífa niður, en engan mann fara úr henni. Skyndilega hljóp ég úr bifreið minni, eftir að hafa séð hina falla, inn á einhverja skrifstofu, þar sem kona og karlmaður voru við störf. En á leiðinni þangað kom upp í huga mínn þessi spurning af hverju ég væri að fara að hringja í sjúkrabifreið, þar sem ég væri í henni sjálfur. Pegar ég kom inn á skrifstofuna, þá bað ég manninn að hringja á sjúkrabíl, því að það hafi orðið slys hérrna fyrir utan. Hann spurði mig hvort ég vildi tala, það skipti ekki máli svaraði ég, og tók á móti símtólinu. Ég heyrði rödd í símanum, þá tilkynnti ég nafn mitt rólega (ég man ekki hvaða nafn ég nefndi) og var ánægður hvað ég gat sýnst rólegur. En svo ætlaði ég að segja frá slysinu, en þá var sagt við mig að númerið væri ekki rétt og ég ætti að hringja í annað númer. Þá kom fát á mig svo ég heyrði ekki, þegar hann sagði númerið, en ég starði á tólið, síðan á manninn og spurði hvort hann hefði ekki hringt í rétt númer. Við þetta vakna ég. Eins og sjá má, þá taldi ég mig vera á Akureyri í draumnum. En þeir sem þekkja þar til vita að Hafnarstrætið er ekki eins og þar er lýst eða höfnin. Þarna var um missýnisdraum að ræða því þarna var margt líkt og ályktaði ég því rangt. Mín hugsun blandaðist inn í hugsun draumgjafans. Pannig er þetta oft um drauma, að maður telur sig þekkja staðinn,

en þegar þú hefur tök á því að athuga það betur, þá er það allt annar staður en þú hefur séð í vökulífi. Draumgjafaskipti urðu, þegar ég var skyndilega kominn niður að höfn og allt í einu inn í bifreið sem var að hrapa og svo aftur inn í fyrrgreinda bifreið.

S.: *Í hvaða sambandi hefur draumurinn áhrif á lífsstefnuna og helstefnuna eins og þú varst að tala um áðan?*

P.: Þegar þú veist, að draumur er samband við draumgjafa, þá fyrst er mögulegt að athuga, hvernig framhaldslífið er. Nú veistu hvað draumur er og þegar þú sérð í draumi einhverjar dýrategundir, sem ekki eru til hér á jörðu, þá veistu að þessi dýr eru til á einhverri annari stjörnu, því draumgjafi þinn er þá búsettur þar og er að horfa á þessi dýr. Ef þig dreymir að þú sért að horfa á stjörnuhimin með allt öðrum stjörnumerkjum en við þekkjum hér á jörðu, þá er það vegna þess að draumgjafi þinn er á öðrum hnerti og er að horfa á stjörnumerki frá sínum hnerti sem blasa við fyrir ofan hann. Þetta er fyrsta skrefið til að vita að líffræðin nær til stjarnanna. Þá hefur þú einnig gert þér grein fyrir að allir ófreskir menn, sem og sofandi hafa þá hæfileika að skynja með sjón, tilfinningu og hugsanaflutningi það sem annar maður eða menn upplifa. Pennan hæfileika hafa öll dýr jarðarinnar líka. Þetta segir okkur, að þegar ófreskur maður sér sýnir eða sofandi miðill er að lýsa því, sem fyrir augun ber hjá framlifanda, þá er hann að segja okkur, hvernig framlífið er á annarri stjörnu. Trúin á andaheim er þá úr sögunni. Þá veistu einnig að huldufólk og álfar, sem sjáendur tala svo mikið um, eru verur á öðrum stjörnum. Pessir hólar og klettar sem sjáendur horfa á eru hlaðnir af lífsorku, og stilla sjáandann inn á það orkusvið sem gerir sjáandanum kleift að fylgjast með þessum stjörnubúum (huldufólkid er menn eins og við og býr á öðrum stjörnum). Nú þurfa menn ekki að trúa í blindni. Nú geta menn vitað hvað bíður hvers og eins, sem fer út á vafasamar brautir. Þeir gera sér þá ljóst að allt illt sem gert er kemur margfalt niður á þeim sjálfum, — að með lífernir sínu dæmir maður sjálfan sig. Pessvegna er það augljóst að þekkingu þarf til að breyta manninum og leiða hann í lífstefnuátt.

Það er hryggilegt að hugsa til þess að þeir, sem flytja sannleikann eru lítilsvirtir. En þeir, sem með lygina fara eru í hávegum hafðir. Aðeins á helstefnujörðu getur slíkt þrifist, en þegar sannleikurinn hefur sigrað, þá getur ekkert illt hent hér á jörðu og veður yrði ólíkt betra en það er í dag. Slæm hugsun skapar stillisamband við illa staði, en góð hugsun magnar guðlegt stillisamband.

Petta verður að hafa í huga þegar rannsaka á drauma:

1. Draumgjafa-skipti.
2. Missýnisdraumar (Rangþýðingadraumar).
3. Sambandsskynjanir draumgjafans.
4. Sambandsskynjanir dreymandans geta samtímis verið til annarra en draumgjafans.
5. Pégars dreymandinn er á milli draums og vöku og skynjar um-hverfi sitt að einhverju leyti í gegnum svefninn, eða hans hugur blandast inn í drauminna.
6. Stillilögðmálið. Hver sem er getur verið stillir dreymandans, ættingjar, vinir, ókunnir rangfærslumenn. Stillirinn veit sjaldan sjálfur þegar hann stillir dreymandann inn á ákveðinn draum. Hugsunin og geislunin frá stillinum hefur náð áhrifum á tilvon-andi dreymanda þannig, að hann stillir hann til ákveðins draums. Það þarf ekki annað en að maður gangi framhjá öðrum til að stilla hinn til ákveðins draums, sem hann síðan dreymir, þegar hann sofnar. Dreymandinn getur einnig stillt sjálfan sig til ákveðins draums, ef það er eitthvað, sem liggur honum á hjarta. Þá stillist hann inn á svipaðan draum, sem draumgjafi upplifir, það sem hugur dreymandans stefnir til.
7. Djúpur og laus svefn.

Ef þessi atriði eru höfð í huga þá fullyrði ég að þið komist að sannleikanum um það hvað draumur er.

*Porbjörn Ásgeirsson,
Skarðshlíð 23a, Akureyri.*

AF ANNARA FRÁSÖGN OG EIGIN REYND

I.

„Hún sá einnig sömu sýnir, eftir að hún var blind orðin“, heyrði ég sagt í útvarpsþættinum, sumarvöku, kvöldið 18. júlí sl., og var það um skyggna konu, sem meðal annars sá stundum fylgjur manna, og gat því oft sagt fyrir um gestakomur. En að hún skyldi sjá þetta, eftir að hún raunverulega var hætt að sjá, bendir eindregið til þess, sem ég hefi verið að halda fram varðandi eðli allrar sérskyggni, og gat ég því ekki látið ógert að taka hér upp þessi orð.

Í sama útvarpsþætti og sagt var frá þessu, var einnig sagt frámanni, sem slegið hafði álagablett og hefndist fyrir það. Dreymdi hann nóttnina eftir, að til hans kæmi kona reiðileg mjög og áteldi hann fyrir að hafa gert þetta, sem hann hefði vitað, að ekki mátti. Þótti honum hún klípa sig í annan handlegginn, um leið og hún hvarf brott, og varð honum ekki meint af fyrst á eftir. En bráðlega fór hann að kenna sér meins, þar sem honum þótti hún hafa klipið, og magnaðist það svo, að handleggurinn varð honum ónýtur alla tíð síðan. Gátu læknar þar lítt eða ekki aðgert, og var Guðmundur Magnússon prófessor einn þeirra, sem það höfðu þó reynt. Og nú er það spurningin, hvað hafi þarna verið um að ræða.

Séð hefi ég þess getið, að ör eða merki hafi sést eftir aðgerðir, huldulækna, sem vitjað hefðu sjúklinga í leiðslu eða svefni, og að þau merki hafi þá verið samkvæm því, sem hinum sofandi sjúklingi þótti hafa farið fram. Hefi ég helzt látið mér skiljast, að um ástæðissamband hafi þar verið að ræða milli sjúklinganna, og að aðgerð, sem raunverulega var framin á öðrum þeirra, hafi fyrir það samband orðið með líkum árangri fyrir báða. Og hér þykir mér nú líklegast, að eitthvað samskonar hafi gerzt, en þó á gagnstæðan veg við það, þegar lækning verður. Í stað læknis-aðgerðar og góðgeislunar milli sjúklinga, hefir hér verið um lífmagnsáras og illgeisman að ræða, og er líklegt, að fyrir sameiginlega sektarvitund þolendanna beggja hafi hún orðið áhrínsmeiri.

Pað liggja engin skynsamleg rök til þess, að neinskonar fólk búi hér í hólum og hömrum á þann hátt, sem lengi hefir þó verið

trúað. Hitt er aftur á móti vel hugsanlegt, að hólar og hamrar hér á jörðu geti með ýmsum hætti verið ástæðir hólum og hömrum annara jarða og að margskonar samskynjanir fari þar því á milli. Og sé nú íhugað sumt, sem gerzt hefir, þá er nokkur ástæða til að ætla, að líkir atburðir hafi tilhneicingu til að gerast samtímis víða um heim. Pannig mætti vel láta sér koma í hug, að þegar einhverjum verður á að fremja spell eða vanhelgun á einhverjum stað, verði öðrum það á annarstaðar, og liggur mjög beint við að hugsa sér þetta út frá dæminu hér að framan. Ástæði og örlagasamstreymi hygg ég að ráðið hafi löngum meiru en menn hefir yfirleitt grunað. En hvað mundi þá bezt hamla gegn því, að það ástæði og örlagastreymi dragi á hinn verri veg? Að virða ævinlega og hvar sem væri helgi lífs og fegurðar, ætti að vera meginregla hvers manns, og yrði þeirri reglu fylgt, hygg ég að engum yrði meint af snertingu við álagastaði og annað slíkt. Góðvild og háttvísi er það, sem framar öðru mætti leiða á hinrar betri brautir, og gegn reiði svartálfa mundi það vera hin bezta vörn.

II.

Ekki get ég látið af þeirri sannfæringu, að leiðin til sáttu og réttra samtaka manna á milli sé umfram allt sú, að þeim lærist æ betur að sjá og skilja hið rétta. — Ég heyrði að vísu eithvert sinn kunnan og mikilsvirtan fræðimann lofa það, að menn væru ekki sammála. „Pannig er það og þannig á það að vera“, voru hans orð, og mun hann hafa meint, að deilurnar skýrðu málefnnin. En þó að slíkt kunni að líta ekki ólíklega út, þá mun reyndin jafnan vera önnur. Reyndin er jafnan sú, að menn deili einungis til aukins ósamþykkis. Og nú ætla ég enn einu sinni að bæta þar við, sem vitneskjan er um sambandseðli svefnins og draumanna, en þar getur stundum verið míin eigin reynd, sem ég ætla að segja frá.

Ég hvíldi á legubekk inni í bókaherbergi mínu, þar sem dyr eru til norðurs en gluggar móti austri og suðri. Ég hafði gleymt mér, en vaknaði til vitundar í því ástandi, sem nefnt er martröð. Ég sá umhverfi mitt, en gat mig ekki hreyft, og fannst það illþoland. Ég reyndi að kalla á hjálp, en það varð árangurslaust. Loks sá ég bera fyrir mann, sem staddur var þá á heimili mínu, en hann hvarf aftur á burt án þess að sinna mér neitt. Á endanum losnaði ég svo undan þessu ástandi af sjálfsdáðum og þó ósjálfrátt, og varð mér þá ljóst, að þótt mér fyndist þetta fara fram í vöku

eða eftir að hafa vaknað af blundi, þá hafði það raunverulega ekki verið. Martröðin var draumur eða sambandsástand, og gerði ég mér það ljóst af því, að mér þótti maðurinn koma og hverfa burt aftur, þar sem er vesturveggur herbergisins, en ekki þar sem dyrnar eru að norðanverðu. Ennfremur ber að geta þess, að maður kom alls ekki til míni, meðan þetta átti sér stað, og bendir það til hins sama. Martröðin hafði þannig ekki verið annað en draumur, og hafði ég ekki áður gert mér það ljóst varðandi slíkt ástand, sem ég nokkrum sinnum áður hafði þó kynnst. Og hverju hefi ég nú við þetta að bæta? Ekki öðru en því, að eftir að ég hafði komist að þessari niðurstöðu rifjaðist það upp fyrir míri, að ég heyrði eitt sinn föður minn segja frá martraðarástandi, sem ég ekki fyrr en nú hafði gert mér ljóst, að bendir til hins sama. Var það í hjásetu, þar sem hann skyldi gæta kvíááa, að hann um stund lá í þessu ástandi. Sá hann þá auk þess, sem honum mun hafa þótt vera hjásetumhverfi sitt, karl og konu við ullarvinnu, og gátu þau ekki hafa verið þarna stödd. Sýnir það fram á, að þarna hlýtur að hafa verið draumástand. Og hvort skyldi nú ekki ályktunin út frá þessu hvortveggja verða á þá leið, að réttara muni jafnan vera að gera ráð fyrir sambandsskyni fremur en eigin skynjun, þegar um leiðsluástand var að ræða? Pað væri a. m. k. í sömu átt og draumeðlisskilningur Helga Pjeturss, en sá skilningur er nú einmitt meginundirstaða heimspeki hans.

Porsteinn Jónsson á Úlfsstöðum.

UM FRAMTIÐ NYALSSTEFNUNNAR

Það er best að segja það strax að ég er bjartsýnn á að hinn Nýalski skilningur á heimi og lífi verði ekki kæfður, heldur fari vaxandi ár frá ári. Sjálfsagt finnst okkur biðin nokkuð löng og að hægt gangi, en þetta mun vinnast. Mér sýnist að nú fari þeir tímar í hönd að helstefnan sé að missa tökin á sínum eigin afkvæmum, fjármálakerfi þjóðanna er að riða til falls að mér sýnist, þó vafalaust hafist að láta það snúast eitthvað enn. Svo hefur verið stefnt svo þvert og ofsalega gegn lögmáli lífs og náttúru nú um langt skeið að búast má við stórfelldum áföllum úr þeirri átt svo til hvenær sem er. Svo eru það víssindin og horfi ég mjög til þeirrar áttar, að þaðan fari nú að koma sitthvað sem til þess væri fallið að opna augu okkar Íslendinga fyrir þeim verðmætum sem dr. Helgi lét okkur í té, og er ég hræddur um að öðrvuði muni það seint ganga.

Læt ég fylgja hér lítið dæmi sem mér finnst að segi sína sögu. Upphaf þess máls var það, að laust fyrir 1950, er ég kynntist fyrst ritum dr. Helga Pjeturss, færði ég þau í tal við kunningja minn, taldi að þar myndi vera um merkilegt mál að ræða og vildi lána honum bækur hans. Dauflega tók hann mínu máli en tók þó við. Þegar ég fékk svo bækurnar aftur þóttist ég finna, að hann myndi aldrei lesið hafa.

Segir nú ekki af fyrr en 1973 að hann kom hér heim til míni sem oftar. Spyr hann mig þá að því hvort ég eigi ekki rit dr. Helga Pjeturss og sagði ég það vera og hvort ég vildi ekki lána sér þau. Taldi ég engin tormerki á því.

Hann gat þess þá að þannig hefði verið að dr. Helga vikið í tímaritinu „Spiegel“ að sig langaði til að lesa bækur hans. Sá ég þá að ég var ekki marktækur, en þegar það kom úr þessari átt þá vaknaði áhuginn, og nú leyndi sér ekki að hann hafði lesið og taldi þetta vera góðar bækur. Vona ég að hann hafi haft af því nokkurt gagn þó á elleftu stund væri, því ári síðar eða svo fluttist hann burt af þessari jörð. Fleira mættí til tína, og kemur mér þá í hug er ég fyrir mörgum árum færði þessi mál í tal við menntamann úr Reykjavík er hér var á ferð, en sá spurði þá bara hvort

ég væri með þessa dellu og varð það samtal ekki öllu lengra. Nú í haust hitti ég hann, sem oft áður og áttum við tal saman, ásamt fleira fólk og kom þá í ljós að hann taldi dr. Helga Pjeturss með allra fremstu vísindamönnum. Hverníg sú niðurstaða var fengin vissi ég ekki, en góð og gleðileg fannst mér sú breyting, sem á var orðin, og ekki ótrúlegt, að svo sé víðar þó ég viti það ekki.

Að minni ætlan verður það í kringum 1990, að voru fari í alvöru. Heimskipulagið, sú hrikalega höll, sem rúmað hefur innan sinna veggja og rúmar enn allt það svívirðilega sem gert er á þessari jörð, er að riða til falls, er að brenna upp í sínum eigin eldi, og hlýtur nú að líða óðum að því, að niður ríði þekjan.

Finnst mér nú að ég vel megi skilja hvílík nauðsyn var á að það gífurlega stökk, sem dr. Helgi tók inn í framtíðina, með skilningi sínum á heimi og lífi var tekið einmitt á þessum tíma sem raun varð á, svo allar svæsnustu deilurnar um hann, sem vísindamann, voru að baki þegar til úrslita dregur.

Hvað við getum gert; ég er nú hræddur um að það sé ekki mikil í bili fram yfir það, sem er. Petta að þrauka, halda ljósiniu lifandi og tendra það sem möguleikar leyfa, missa ekki sjónar á takmarkinu og tefla stöðugt til vinnings. Sigurinn mun vinnast, það er ég alveg viss um. Vafalítið eru dökkir dagar framundan hjá mannkyni þessarar jarðar, því það er nú svo að hver uppsker eins og hann sáir, og það sem sáð hefur verið í mannlífsakurinn á umliðnum oldum hefur ekki allt verið hveitikorn. Það býst ég við að allir geti verið sammála um.

*Þorbergur Jónsson,
Prestsbakka, Síðu.*

TÖFRAMENN SVERTINGJA OG HIMINGEIMURINN

Nú er mikið um svertingjaboðskap í fjölmíðlum, og síst ætla ég að reyna neitt til að draga úr krafti þeirrar öldu, heldur einmitt að bæta við nokkru, sem mér finnst bera vott um snilld og ágæti sumra svertingja.

Tveir franskir mannfræðingar, Griaule og Dieterlen, rannsökuðu ýmsar Súdanættkvíslir á árunum 1946—1950 og komust þá eftir því, í sambandi við tímatal varðandi trúarhátiðir haldnar á sextíu ára fresti, að töframennirnir bjuggu yfir furðulegri vitneskju um sólhverfi Síríusar. Síríus er bjartasta fastastjarnan, og ber sérstaklega mikið á henni þar sem hún rís hátt á himni þarna suðurfrá, og hefði því vel mátt búast við að hún nytí sérstakrar virðingar. En þegar töframennirnir voru spurðir um þetta kom í ljós, að það var ekki Síríus sem þeir dýrkuðu mest, heldur „ósyñilega stjarnan við hlið hennar“. Kölluðu þeir hana „pó tóló“, töldu hana vera eina hina minnstu stjörnu, saman standa af málminum „sagala“ og vera svo þunga, að „allar jarðneskar verur geta ekki lyft henni“. Sögðu töframenn þetta vera gamla vitneskju sem gengið hefði að erfðum í margra ættliði með tímatalinu.

En nú vita vísindin að Síríus B, sem ekkert jarðneskt auga sá fyrr en á síðari hluta 19. aldar (og þá í bestu stjörnujám), er „hvítur dvergur“, afarlítil stjarna, samsett af efni í því furðulega ástandi sem er tíuþúsund sinnum þyngra í sér en jarðnesk efni, og að þessi litla stjarna gengur kringum bjarta Síríus á 50 árum.

Hvernig gátu svertingjar vitað þetta? Og hvernig gat K. O. Schmidt, hinn þýski sjáandi, séð þetta og margt annað árið 1915, áður en flest af því var orðið að almennri þekkingu. Ég held að svarið hljóti að vera í aðalatriðum hið sama í báðum dæmum, enda þótt munur sé mikill á gerð og framkomu frásagnanna.

Peir sem hafa dregið þetta fram í dagsljósið eiga þakkir skilið.
Þorsteinn Guðjónsson.

„Guðirnir á Síriusi”

eftir K. O. Schmidt

Í hringrás áramilljónanna

(*Framhald úr síðasta blaði*).

Myrkt var umhverfis mig, og áhrifin á huga minn voru þrúgandi. En leiftur tendraðist, sem breytti myrkrinu í alkínandi birtu. Samtímis þessu var sem mannleg meðvitundar-glæta míni breyttist í ofurvítund.

Með leiftrinu brá endurminningu mínni aftur til hins áður séða, og um leið vaknaði mér sú þrá að vita meira um þróunarsögu Magna og öðlast þekkingu á þeim þróunarskeiðum, sem þeir ættu að baki sér. Það örvaði áhuga mínn, að ég mundi eftir því fyrirheiti þeirra, að við Jarðarmenn ættum í fjarlægri framtíð að komast á þroskastig sambærilegt við það, sem þeir hafa náð ...

... Eins og til styrkingar þessari von heyrði ég rödd tala innra með mér, samtímis því, sem mynd Ljana birtist innra með mér:

„Í okkur hefur hinn mikli máttur alheimsandans náð fullum framgangi. En þú ert maður — og það þýðir á máli ykkar sjálfra ‘hugsandi vera’ — og þar af leiðandi ert þú ekki síður en við ein af líkamsmyndum hins Eilifa. Alheimsandinn birtist í ýmsum myndum á óendanlega mörgum stigum, og jafnvel hin æðstu stig, sem náð hefur verið, standa enn óralangt frá hinni mestu fullkomnum. Próunarsaga vetrarbrautanna fram að þessu er aðeins lítið brot þess tíma, sem framundan er. Pó eru allar lífverur alheimsandanum jafn nálægar og jafn kærar“.

Um leið og þessi orð voru sögð, gerðist það, trúlega fyrir stillíahrif eða viljaátak frá Ljana — að ég var skyndilega kominn í nýjan stað, sem að nokkru leyti var víðáttumikill skrúðgarður, en að nokkru leyti safn, þar sem ótrúlegustu hlutir voru saman komnir.

„Þið Jarðarmenn eruð staddir í fyrstu morgunskímu þáttökunnar í alheimsverðandinni. Við Magnar erum staddir þar, sem er sólarupprás sjálfsþroskans. Framundan okkur bíður eins og óteljandi lífverum öðrum á skyldri leið, hinn mikli dagur sífellt viðtækari þroskamöguleika — en lengd þess dags meignum jafnvel ekki við að mæla, enn sem komið er. Frá þeim tíma, sem að baki liggur getur ‘ontóskópið’ sýnt þér sitt af hverju, að svo miklu leyti sem skilningur þinn á lífaflfræðilegum, hugarorkulegum og eðlisfræðilegum umbreytingum hrekkur til . . .

Myndaraðir þær sem ég sá, og liðu í rauninni allt of hratt hjá til þess að ég gæti haft þeirra veruleg not, sýndu, að landsvæði þau, sem sköpuðust af hækkuðum hafsbotni, voru tekin til ræktunar, og að úthöfin tvö breyttust smám saman í óteljandi smávötn, sem tengdust saman með rásum eða skurðum. Pannig uxu meginlöndin hvort á móti öðru, eftir því sem höfin hurfu, og varð að lokum eftir eitt samfellt meginland um allan hnöttinn. En þetta hafði þær afleiðingar, að því er Ljana gaf mér að skilja, að náð var vistfræðilegu jafnvægi, sem leiddi til þess að hægt var að beita öllum kröftum að þróun lífsins uppá við, til æ meiri fullkomnumar.

* *

Með þessari umbreytingu hnattarins höfðu forfeður Magna skapað sér grundvöll að því að ráða við langtum stórkostlegri viðfangsefni. En með réttri beitingu frumkraftarins í ýmsum myndum, virtust þeir hafa komið í veg fyrir allar skaðvænlegar hamfarir náttúrunnar.

Hvort það, sem nú skal frá sagt, stóð í sambandi við þessa afburða verksnill Magnanna eða það var meðfæddur hæfileiki, sem bjó í afslvæði þeirra, var mér ekki ljóst, — en það var þetta sem Ljana nefndi vísindaheitinu ‘líðandi’ og hefur hér á jörð aðeins verið eignað einstökum dýrlingum og jóggum; það er hæfileikinn til að svífa.

Í myndum úr mannkynssögu hnattarins tók ég eftir því, hvernig göngulag Magna gerðist sífellt líkara því, að liðið

eða svifið væri áfram. Hafi ég rétt skilið þá var það *vilji* Magnanna, sem í rás þróunarinnar varð æ markvissari, sem var aðalástæða þess, að þeir urðu á þennan hátt þyngdar-kraftinum yfirsterkari. Petta var, að því er Ljana gaf í skyn, einn af eðlilegum ávoxtum þess, að sambandsþroska við aðra hnetti er náð.

Allt í einu beindist hugur minn að einhverju því, sem Magninn nefndi ‘plöntuuppeldisfræði’ eða ‘plöntu-umsköpun’. Hugsanir þær sem til míni streymdu frá honum voru um einhverja stefnukrafta líforkunnar, sem losnuðu úr læðingi vegna mikils næmleika plantnanna en sá næmleiki stóð hinsvegar í sambandi við skin hinna tveggja sólna. Af þessum kröftum mátti með stökkbreytingum ná því fram, að plönturnar gáfu af sér furðulega mikla ávexti og uxu mjög hratt.

Mér var nú einnig gert ljóst, að Magnar, sem frá fornufari höfðu eingöngu neytt jurtafæðu, höfðu með þeirri venju sinni haft þau áhrif á sál plantnanna (lífaflsvæði), að þær hneigðust til að bera æ ríkulegri ávexti, og höfðu þeir ávextir að geyma þau efni í heppilegasta blöndunarhlutfalli, sem dugðu Mögnum bezt til að viðhalda jafnvægi og samræmi í störfum líkamans . . .

En hitt tókst mér ekki að skilja, sem Ljana létt í ljós í sambandi við hið blæbrigðaríka mál plantnanna og sýndi mér merki um í hendi sér með ‘fýtógrömmum’ eða línuritum um reglubundin umskipti í lífsstarfssemi og tilfinningum hverrar plöntu. En þau þýddu það, að hvað sem liði áhrifum til örjunar, þá væri hið frumhelga eðli hverrar plöntu og plöntusamvaxtar varðveitt.

. . . Meðan ég virti fyrir mér og íhugaði það sem fyrir mig bar í þessum sýnum, varð mér sífellt ljósara, hve fullkomlin lífernísfræði Magna var, sú sem þeir létu jafnan ráða í afskiptum sínum af náttúrunni og lífinu, því að allt miðaðist hjá þeim við samstillingu einstaklinganna og velferð heildarinnar.

Spurningu minni í huganum varðandi þetta, var þegar í stað svarað — svo að ég hlaut að skammast míni fyrir hönd mannkyns míns, — á þann veg að það, sem enn ríkti á jörðunni sem persónuleg og sameiginleg eicingirni manna, flokka, þjóða og ríkja — væri hér frá fornufari óþekkt, og væri hér ekkert til, sem héti ‘eignir’ eða ‘fjármunir’.

... Einkaeign væri hér eingöngu 'innri þroski', enda sæktist hver lífvera hér eftir hinu æðsta ríkidæmi, sem væri það, að verða öllum öðrum sem mest til gagns og ánægju.

Mér fannst þetta ástand þeirra vera einskonar 'höfðingjafnarræði' eða 'aristosózialismi'. Gagnstætt þeirri 'baráttu fyrir tilverunni', sem ríkit á jörðunni, átti sér þarna stað sífellið samkeppni allra vera um það að ná sem hæstu fullkomnumarstigi og verða þannig öðrum til góðs.

* *

Ef til vill hefur það verið í framhaldi af hinni síðastnefndu hugsun minni, sem ég þóttist skyndilega vera kominn í stað sem Ljana nefndi 'stjörnusal', og kvaðst hann skyldu gefa mér nokkra hugmynd um það, sem sneri að geimferðum í fortíð Magna.

Ósjálfrátt varð mér hugsað til þeirrar þrár, sem oss mönnum er reyndar í blóð borin, að verða þess megnugir að losna undan þyngdarfargi jarðarinnar og hefja okkur til flugs til annarra stjarna. En hugsun frá Ljana gaf mér í skyn, að Magnar hefðu aldrei í sögu sinni þurft að grípa til efnafræðilegs eða kjarnorkulegs eldflaugaflugs út í geiminnum. PEGAR geimferðir hófust hjá þeim, var um að ræða 'viðloðendur' en það voru hringlaga flugvagnar, sem stjarnrænir kraftar léku um og gerðu þeim ljóshraðar geimferðir mögulegar.

Að loknu stuttu þróunarskeiði komu í stað þessara vagna kúlulaga geimför, sem með hjálp frumkraftarins náðu óendenlega margföldum hraða ljóssins. Ljana sagði: „Frumkraftardjúp víðgeimsins samtengir stjörnur, vetrarbrautir og yfirvetrarbrautir og gerði meira að segja forfeðrum okkar fært að leggja út á langferðir í geimnum, þar sem rúm og tími voru þeim engin hindrun“.

Með ýtrrustu eftirvæntingu fylgdist ég með sýnum þeim, sem nú bar æ hraðara fyrir, en þar sást hvernig Magnar þutu um hinum lífgeislum förnu víðáttur alheimsins, og löguðu sig að því er virtist fyrirhafnarlaust að hinum breytilegu skilyrðum ýmsra heima og að straumum þeim og geislunum, sem þar ríktu.

„Þú sérð hér aðeins brot af veruleikanum“, sagði Ljana svo sem til að stilla í hóf hrifningu minni yfir því, sem séð varð, „því að hugaraugu þín skortir það víðsæi, sem alheimsskynjun okkar felur í sér. Værir þú búinn þeim skynj-

unarhæfileikum mundir þú verða var við áhrif hins óendanlega alheimslífs og skynja hugaráhrif frá sjálfum stjörnunum. Þér mætti þá verða ljóst, að ekki aðeins plánetur og sólhverfi, heldur vetrarbrautir, eru lifandi heildarverur á æðra stigi og afslvæði yfirlífheilda með sérstökum eðliseinkennum. En hver þeirra um sig gerir þeim milljörðum lífvera, sem þar lifa, kleift að þroska með sér sameiginlega eðlisskylt líf ...

... Ef það á nú einnig fyrir ykkur Jarðarmönnum að liggja að vakna til alheimsvitundar og ef 'líftaugin' fer loks að verka í ykkur, mun vitneskja ykkar um fjarlægar lífstöðvar annarra hnatta verða að nokkurskonar 'víðtækari áthagafræði' eins og þetta reyndar varð hjá forfeðrum okkar. Og þá mun ykkur ljóst verða, hvernig himinhnettirnir tengjast hverjir öðrum margvíslega með eðlisfræðilegum og líffræðilegum afslvæðum, og að gagnkvæm andleg samskipti eiga sér stað milli hinna ýmsu vera, sem á þeim búa.

Hjá okkur, sem fyrir löngu höfum lagt geimferðaöldina að baki er ekki aðeins um það að ræða að hugaraflid leggi óbrotgjarnar brýr hnatta á milli og vetrarbrauta á milli, og að þau sambönd tengja alla framfarafúsa hnetti saman í heild sem keppir að sameiginlegu markmiði. Heldur nægir viljaeinbeitingin ein til þess að við flytjumst hnatta á milli, hvert sem við viljum, eða að minnsta kosti á þá hnetti þar sem þróunin og skilyrði hugarfarsins gera slíkar heimsóknir mögulegar.

.. En ég sé nú, að ég ætlast til of mikils, ef ég býst við skilningi hjá þér á því, að alheimurinn er takmarkalaus hafssjór meðvitunda og lífaflsvæða, það er hugumgeislaður yfirlífheimur, sem þó er aðeins takmarkaður hluti af því sem hinn óendanlegi verundur leiðir fram úr skauti sínu ...

... Ekki megnar hugur þinn að skynja hina ótrúlegu lífsfyllingu þeirra sem komnir eru á sambandsleið alheimssins, þeirra sem vita að 'stjarnlíkami' þeirra eða lífaflsvæði er eilíft og sprottið af hinum sama anda og þeim sem á öllum leikvöngum lífaflsins, í öllum heimum skapar og starfar

* *

Pessi takmörkun var réttmæt, því að það sem á eftir kom var eins og flugeldasýning sem saman stóð af áhrifa-miklum myndum, sem gáfu yfirlit um furðufjölbreytta fram-

sókn lífsins, og megnaði ég ekki að átta mig nema á litlu broti þess sem fyrir mig bar, — og get ég því aðeins minnzt á nokkrar einstakar myndir í litlu samhengi, sem hafa orðið mér ógleymalagar, þrátt fyrir það hve annarleg og ókunnugleg öll sú saga var mér.

... Pað fyrsta sem fyrir mig bar voru Magnar nokkurir úr fjarlægri fortíð, sem virtust verða til úr engu, og verða þó nærrí því eins og raunverulegit frammi fyrir mér. Mér var gefið að skilja að þeir hefðu sem *lifaflfræðingar* fengizt við auka þroska líkams og sálar. Jafnvel á þeim oldum litu þeir á lífsstarfsemina ekki fyrst og fremst sem efna-skiptastarfsemi, heldur sem líforku- og lífræffræðilegt fyrirbæri. Peir litu ekki á líkamann sem efnafræði- lífeðlisfræðilega heild eða „Organismus“, heldur sem „Dynamismus“, það er sem lifaflsvæði með þroskamöguleikum.

Jafnframt þessu varð mér það ljóst að í þá daga var við það fengizt, að efla líffæri hugsunarinnar og gera þau næmari, og einnig — hafi ég rétt skilið — skilningarvit hins fjar-sárlæna, en lega þess eða líffæri þótti mér svara til þess sem læknar kalla ‘Solar plexus’ og er fléttu æða og tauga í kviðarholinu. Einnig var stefnt að því að þroska ný skilningarvit — með sérstökum áhrifum á líkamann, sem Ljana kallaði ‘psychurgie’ eða hugþroskasmíði.

Hinar ágrípskenndu sýnir sýndu það glöggjt, hvernig líkamir Magnanna urðu með tímanum siffellt fullkomnari verkfæri hugsans, og eins og lifandi speglar almenns þroska jafnt innra samræmis og fugurðar hvers einstaks.

Eins og í tilbót kom það í huga mér, að skilningarvit okkar nemi reyndar aðeins lítið brot af því sem forfeður Magnanna gátu numið með sínum margbreytta næmleika á sviði sjónar, heyrnar, efnafræðilegrar, lífrænnar og alheimis legrar skynjunar. En vegna takmörkunar okkar í þessum efnum sjáum við ekki að raunverulega geisla allir hlutir frá sér orku, og að hver lífvera á sína sérstöku, litskrúðugu og síkviku ‘áru’ eða lífgeislasið. Ég skildi nú, að fyrir skynjun hinna fornu forfeðra Magnanna sem stóðu í svo nánu sambandi við náttúruna og alheiminn var tilveran svo margfalt auðugri, litskrúðugri, fjölbreyttari og víðfeðmari en okkur daufum og sljóum jarðarmönnum hefur nokkru sinni auðnast að sjá.

* *

Aðrar myndir úr frumsögu Magna munu hafa átt að lýsa því stigi þróunarinnar þegar breytt var um frá „skipulagi“ mannfélagsins, til þeirrar samstillingar, sem kom innan frá, hjá hverjum einum.

Hafi ég rétt skilið þá hlupu Magnar alveg yfir það stig þróunar, sem er hin tæknivædda vélmenning nútímans hér á jörð. En með lífaflfræði sinni náðu þeir valdi á hinum furðulegu möguleikum lífrænnar náttúru til skynsamlegrar tilhögunar og beindu þeim í átt til framþróunar og göfgunar, og á hinn bóginn neyttu þeir þess, sem þeir nefndu „frumkraft“ til þess að umbreyta efni og bergi eftir því, sem vilji þeirra stóð til.

Pá þegar var andleg forusta Magnanna komin í hendur nokkurskonar „menningaraðals“. Það voru ættir, sem skapast höfðu á hundruðum árbúsunda við sífellt úrvval þeirra, sem göfgastir voru og beztir, og voru það reyndar þeir, sem einnig réðu mestu um hinum ytri jarðfræðilegu umbreytingar hnattarins, sem mér urðu síðar kunnar af því sem fyrir mig bar.

Umbreyting hnattarins var furðulega stórvirk, og hófst, að því er mér virtist á því að hinn glóandi kjarni var láttinn verða fyrir áhrifum ‘frumkraftarins’, með þeim afleiðingum að hæðarmunur jafnaðist milli hásléttna þurrlandisins og hafdjúpanna.

Aðrar sýnir leiddu í ljós hvernig samfara lækkun og jöfnun háfjallanna fór fram lyfting botns hinna tveggja úthafa, og þó þannig, að náttúran og lífríkið gat haldið áfram að þróast án verulegra truflana í hinum breyttu heimkynnum.

„Pá er ‘vökuvitund’ okkar ekki annað en dauf týra, og nærrí því eins og svefn miðað við hina skæru vitundarbirtu Magnanna“, hugsaði ég.

„Það er rétt“, svaraði Ljana með hugskeyti. „Þið mennirnir horfið nær eingöngu á hið næsta efnislega umhverfi ykkar, en hafið varla minnsta grun af hundraðföldum stigum æðri veruleika þar fyrir ofan. Þess vegna er ykkur líka óskiljanlegt, að ríki lífsins og dauðans mynda sameiginlegt ríki hugaraflsvæða, sem grípa hvert inn í annað, og sveiflast hvert með öðru; ríki þar sem enginn dauði er til, heldur leiða allar umbreytingar lífsins til þess að það kemur að nýju fram í fullkomnari mynd . . .

.. Að lokum renna allar þróunarbrautir, af hversu fjarlægum stigum og víðhvolfum, sem þær eru ættaðar, sifellt meir saman á hástigi yfirheimsins, og þegar takmarkanir tímans eru að fullu yfirunnar enda þær brautir allar í skauti hins óendanlega verundar . . .“

En um þessa hluti reyndist mér ógerlegt að fylgjast lengra með Ljana og þeim furðulegu myndum, sem hann brá upp fyrir mér, né heldur skildi ég samband þeirra.

Enda leið nú að því að mér þótti allt þetta leysast upp í móðu óvitundar — líkt og draumur óskýrist og máist úr vitundinni um leið og vaknað er. *(Frambald).*

P. G. þýddi.

LEIÐRÉTTING

Í greininni „Undarleg svipsýn“ eftir Sigurlaugu Guðmundsdóttur í 18. tbl. LÍFGEISLA, hefur því miður orðið slæm prentvilla. Fyrir ofan efri greinaskilin, þar sem talað er um hugboð móður höfundarins, stendur:

„Hún fékk þau aldrei oftar en í það sinn“. Á að vera:

„Hún fékk þau oftar en í það sinn“.

Petta eru lesendur vinsamlegast beðnir að leiðréttta.

LEIÐRÉTTING

Í 14. tbl. Lífgeisla, Nót. 1977 er prentvilla á bls. 129 í grein Bjarna Bjarnasonar: *Ár ok friðr*, í tilvitnun í ritgerð eftir Helga Pjeturss. Þarna stendur: „allir kraftar eru skyldir, eins upptök þeirra allra. En á að vera: *Ein eru* upptök o. s. frv.

Draumar

Hið mikla, hvíta skip. — Draumur.

Einhver fjarlægur draumgjafi hefur horft til hafs og gefið mér þátt í sinni vitund.

Mér þótti ég vera úti staddur, þar sem margt fólk var saman komið. Það var eins og mikil eftirvænting eða spenna væri ríkjandi hjá öllum þessum hóp. Ég horfði til hafs og mér þótti allir aðrir gera það einnig.

Allt í einu kom í ljós skip eitt mikið, fram undan nesi einu fjarlægu, sem náði út að sjóndeildarhring.

Skipið var gífurlega stórt og yfirbygging þess feikimikil. Náði hún svo að segja stafna á milli, og var hæðin meiri, að tiltölu við lengd skipsins, en ég hef séð á fólksflutningaskipum hér. Virtist hún mér (yfirbyggingin) vera mjög margar íbúðarhæðir, og lágu gluggaraðir eftir endilangri byggingunni, hver fyrir ofan aðra. Skrokkur skipsins var svartur, en yfirbyggingin öll skínandi hvít.

Skipið gekk mjög hratt, frá vinstri til hægri. Ég sá sjóinn freyða um stefni þess, hvítfyssandi.

Mér þótti, sem mikill viðbúnaður væri í landi til að taka á móti höfðingjum þeim, sem með skipinu væru.

Hugsun um hermannsku var eitthvað tengd komu þessa skips.

Draumurinn var ekki lengri.

*Ingvar Agnarsson,
(Dreymt 21. október 1976).*

Tveir draumar

Ekki er það oft sem mig dreymir skýrt og skemmtilega, en þó kemur það fyrir.

Ég hef hug á að segja af tveimur draumum sem mig dreymdi seint í október 1976.

Pann fyrri skoðaði ég þannig: Það áttu sér stað skemmtileg draumgjafaskipti, og þau sýndu mér að fyrst vorum við tveir sam-

stilltir draumþegar. Hinn draumþeginn vaknaði og varð þá draumgjafi minn. Ég sem taldi mig vaknaðan, reyndi að skilja draum minn eftir kenningum Nýals „að mér fannst“ og komst að niðurstöðu. En við það vaknaði ég sjálfur og var þá svo ruglaður að ég skildi ekkert í neinu. Það leið nokkur tími þar til mér varð ljóst að niðurstaða tveggja draumþega sama draums getur aldrei orðið nákvæmlega eins, þar sem um ólíkan samanburð var að ræða til skilnings á því að draumurinn var samband.

Seinni draumurinn var á þá leið, að við vorum nokkrir krakkar saman. Ég þóttist halda á tveimur járbútum, sínum í hvorri hendi. Snögglega eyddust járbútnir og hurfu, og á meðan það gerðist fann ég fyrir miklum lífstraumum um handleggi og hendur. Mikil vorum við undrandi en skildum þó að hlutirnir höfðu afefnast til annars hnattar.

*Daniel Ingi Pétursson,
Miðhúsum, Vatnsdal, A.-Hún.*

M Y R — Spakmæli úr ljóðum Steingríms Thorsteinssonar

Einum hvað / ómar sem hlátur
öðrum það / ymur sem grátur.

—
Sem stjarnan á heimskauta stöðvunum blá,
svo staðfast er það, sem að minst er treyst á.

—
Að tigna það staðlausa: hispur og hjóm,
það hjörtun æ gerir svo snauð og svo tóm.

—
Hið staðlausa flýðu og trúðu ei á tál,
en tem þig við guðdómsins eilífðar mál.

—
Og treystu hið staðfasta stöðugur á,
sem styrkleikur enginn má taka þér frá.

—
Dýpst sár drjúgum eru
duld und mestri huldu.

Sambandsfundir

Miðilsfundur 24. ágúst 1967 (Brot)

(Miðlar: *Sigurður og Sveinn*).

Þorsteinn Jósefsson: Sælir vinir. Við erum hér nú mjög mörg saman í stjörnusambandsstöð okkar. Við erum hér nú um fjörutíu þúsund alls. Stöð okkar er mikil og stórkostleg bygging og ákaflega fögur. Margir koma hér að jafnaði, en flestir þegar von er á heimsóknum frá fullkomnum hnöttum. Ég hef ekki enn ferðast mikið um þennan hnött. Ég hef haft svo mikið að starfa við annað. Það eru einkum stjörnusamböndin sem ég hef lagt stund á. Þau eru svo áhugaverð, að ég hef látið það sitja í fyrirrúmi fyrir öllu öðru. Ég hef nú oft farið til annarra hnatta. Þetta eru stórkostleg sambönd. Stundum koma hingað guðir og gyðjur frá öðrum hnöttum í öðrum vetrarbrautum. Það eru miklir viðburðir, og verðum við öll mjög mögnuð og sterkt af slíkum heimsóknum. Einn slíkur gestur er nú að koma hér. Hann er frá fjarlægri vetrarbraut. Hann kemur nú fram hér í miðjum salnum. Hann er nú orðinn fullmótaður, og er fullkomlega líkamlegur orðinn. Þessi guð er mjög fagur og geislandi. Áhrif frá honum eru mjög sterkt. Við mögnumst öll mjög við komu hans.

Ingvar Agnarsson ritaði.

Miðilsfundur 4. sept. 1967 (Brot)

(Miðlar: *Sigurður og Sveinn*).

Ljúflingur: Ég er ljúflingur á hnetti í svo fjarlægri vetrarbraut að skiptir þúsundum milljóna ljósára. Lífið í þessari vetrarbraut er mjög fullkomið. Ég hef lengi fylgst með tilraunum ykkar. Þær eru mjög athyglisverðar. Reyunum við hér að senda ykkur mikinn kraft.

Hannes Guðlaugsson: Komið sael. Pað er alltaf mjög ánægjulegt að komast í samband við ykkur. Guðinn sem þið voruð að tala við er afar fullkominn og á heima í mjög fjarlgri vetrarbraut. Nú er að koma fram, hér í stöðinni mjög fullkomin vera. Ég sé að hún er að myndast hér. Nú stendur hún hér mitt á meðal okkar. Petta er guðinn, sem þið voruð að tala við rétt áðan. Nú birtir mjög í salnum. Margar fleiri verur eru að koma hér fram. Pað eru guðir og gyðjur mjög fagrar og bjartar. Nú eru þær fullmótaðar og standa hér í salnum. Nú lyftist allur hópurinn upp og svífur um salinn yfir höfðum okkar. Nú kemur hann aftur niður, og stendur hér mitt á meðal okkar. Einn af guðunum stendur nú hjá Helga og er að tala við hann.

Ljúflingur: Komið þið sael aftur. Ég er Ljúflingur. Ég var áðan að reyna að tala við ykkur en samtalið gekk ekki nógum vel. Svo að við brugðum okkur í heimsókn til Helga til að reyna að fá betra samband við ykkur, og nú tala ég við ykkur úr stöðinni hans. Ég hef lengi reynt að leggja honum lið við að koma á sambandi við ykkur. Og nú fer bráðum að takast betur. Ég hygg að nú sé komið að þáttaskilum í tilraunum ykkar.

Ingvar Agnarsson ritatdi.

Miðilsfundur 10. febrúar 1968 (Brot)

(Miðill: Sveinn).

Ónefndur: Hér eru nú að koma fram fullkomnar verur frá fjarlægri vetrarbraut. Nú eru þeir komnir hér, og eru hér mitt á meðal okkar. Af þeim stafar mikil birta. Annar þeirra vill nú tala við ykkur. Pað er Bróðir.

Síðan talaði Bróðir nokkrar setningar við okkur og síðan annar guðlegur gestur, sem með honum var.

(Spurning: Kannt þú að svífa?).

Ónefndur: Já, ég svíft oft, bæði hátt og langt.

(Spurning: Er ekki mikil áreynsla að svífa?).

Ég finn ekki svo mjög til þess. Oft förum við mjög mörg saman í ferðalög. Svífum við þá stundum mjög hátt í lofti og förum þannig langar leiðir, jafnvel til annarra landa. Við getum svifið

mjög hratt. En stundum svífum við hægt. Hraðinn fer eftir því hvort við óskum að fara hratt eða hægt. Hér eru flugvélar, skip og bílar, og ferðast margir með þessum farartækjum, en ekki nauðsynlega, því hér kunna flestir að svífa.

Ónefndur: Í sólhverfi mínu eru margar reikistjörnur. Þar af eru tvær byggðar vitsmunaverum, og standa báðar á svípuðu þroska-stigi. Minn hnöttur er nokkru nær okkar sól en hinn byggði hnötturinn. Sól okkar er mun stærri en ykkar sól. Jarðstjarna okkar er stærri en ykkar. Hún er um 2 sólarhringa ykkar að snúast einn hring um sjálfa sig. Fjarlægð hennar frá sól er meiri en fjarlægð ykkar jarðar frá ykkar sól, og er nálægt 2 ykkar ár að fara eina umferð um sólinu.

Purrlandi á okkar jörð er tiltölulega meira en á ykkar jörð. Þó eru hér mjög stór höf, en ekki umlykja þau þó öll lönd, eins og á ykkar jörð. Eins og hjá ykkur eru beltí okkar jarðar misheit, heitast er við miðjarðarlínu en kólnar út til heimskautanna. Petta er fram-lífsjörð. Mikið er hér um allskonar dýr, og hjá þeim er um að ræða ýmist frumlíf eða framlíf. Hér er mannlíf mjög fagurt og samstilling mikil.

Ingvar Agnarsson ritaði.

Miðilsfundur 9. mars 1970 (Brot)

(Miðlar: Sigurður og Sveinn).

Frímann: Ég tók fyrst eftir að ég var í sjúkrastofu, líkri þeirri, er ég hafði verið í. En í stað kunnugra sjúkrafélaga, voru þarna nú tveir ókunnir menn. Ég fór að spryja þá, hverju þetta sætti, en þeir voru þá jafnófróðir og ég. Svo kom inn hjúkrunarkona, og fór ég að spryja hana, og hún fór að skýra málid út fyrir mér, og komst ég að raun um að ég hefði dáið og væri nú lifnaður aftur; en því hafði ég ekki gert ráð fyrir, því satt að segja bjóst ég ekki við neinu framhaldslífi. Síðar var ég svo fræddur á því að ég væri á annarri stjörnu, og öll þessi mál lukust svo upp fyrir mér smátt og smátt.

Ingvar Agnarsson ritaði.

G U Ð I R N I R Á SÍRÍUSI

eftir K. O. SCHMIDT (1904—1977), víðkunnan sjáanda með þýzkri þjóð. — Þýðandi: Þorsteinn Guðjónsson.

Kaflar úr frásögn hans hafa birzt í *Lífgeislum*, og nú er hún öll til í bókarformi.

EFNI:

Hvernig þessi frásögn varð til
Úr órafjarska
Magnar
Í hringrás áramilljónanna
Heili hnattageimsins
Ríki stjarnheima
Satjar
Hamingja fullvissunnar
Eftirmáli þýðanda (P. G.)

Kaupið þetta einstæða vitranarit, sem lýsir því, hvernig æðri vitund skynjar óravíddir alheimsins. Höfundurinn náði samskynjun við hina æðri vitund.

VERÐ KR. 2500,00.

LÍFGEISLAÚTGÁFAN,
Pósthólf 722, Reykjavík.

Bókin fæst í bókabúðum og hjá FÉLAGI NÝALSSINNA í Stjörnusambandsstöðinni, Álfhólsvegi 121, Kópavogi, símar 40765, 41006.

Lífeistar

Útgáfandi: FÉLAG NÝALSSINNA

Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík

Ritsjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT:

ERINDI OG GREINAR:

Geimþokur (Sjá forsíðumynd) I. A.	Bls. 146
Hin þríþætta rót Nýalsstefnunnar P. G.	— 147
Er von til að úr rætist? P. J.	— 151
Samtalsþáttur um stjarnlíf Þ. Á.	— 153
Af annara frásögn og eigin reynd P. J.	— 160
Um framtíð Nýalsstefnunnar Þorb. J.	— 163
Töframenn svertingja og himingeimurinn P. G.	— 165
„Guðirnir á Sírási“ eftir K. O. Schmidt	— 166
Í hringrás áramilljónanna Bls. 166	

DRAUMAR:

Hið mikla hvíta skip I. A.	— 174
Tveir draumar D. I. P.	— 174

SAMBANDSFUNDIR:

Miðilsfundur 24. ágúst 1967 (Brot)	— 176
Porsteinn Jósefsson.	
Miðilsfundur 4. sept. 1967 (Brot)	— 177
Ljúflingur. — Hannes. — Ljúflingur.	
Miðilsfundur 10. febrúar 1968 (Brot)	— 177
Ónefnudur maður.	
Miðilsfundur 9. mars 1970 (Brot)	— 178
Frímann.	

Leiðréttiingar	— 173
----------------------	-------

MYR:

Úr „Spámanninum“ eftir Kahlil Gilran	— 150
Spakmæli úr ljóðum Stgr. Th.	— 175
„Guðirnir á Sírási“, e. K. O. Schmidt P. G. (Auglýsing)	— 179